

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Akraneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er Akraneskaupstað heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð í Akraneskaupstað og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld, sem að jafnaði eru innheimt á tímabilinu janúar til og með október ár hvert.

Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

3.1 Eigandi íbúðar greiðir kr. 42.814 á íbúð í sorpgjald miðað við tvær 240 lítra sorptunnur (eina fyrir almennan úrgang og aðra fyrir flokkaðan úrgang/sorp).

Húsfélög geta fengið 240 lítra eða 660 lítra sorpílát, með samtals sömu lítratölu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 12. desember 2023, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 23. gr. laga nr. 55/2023 um meðhöndlun úrgangs, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1372/2020 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

Akranesi, 14. desember 2023.

Haraldur Benediktsson bæjarstjóri.